Hvað er að frétta?

Málþing um menntamál, 19. janúar 2016

Framhalds-fræðslan

Tillögur verkefnahóps menntamálaráðherra

Helstu áherslur og efnisatriði

Viðfangsefni verkefnahópsins

Móta tillögur að úrbótum og breytingum á námsframboði fyrir fullorðna sem ekki hafa lokið námi í framhaldsskóla.

Lagt var upp með að verkefnahópurinn lyki störfum fyrir 1. maí 2015. Hann skilaði af sér 22. maí. Hópinn skipa:

Svanhildur Kr. Sverrisdóttir, mennta- og menningarmálaráðuneyti.
Erla Björg Guðmundsdóttir, Kvasir.
Halldór Grönvold, ASÍ.
Karl Rúnar Þórsson, BSRB.
Óli Halldórsson, Kvasir.
Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, SA (Guðrún Eyjólfsdóttir).

Guðrún Ragnarsdóttir ráðgjafi var skipuð sem verkefnisstjóri.

Tillögur verkefnahópsins ásamt greinargerð:
https://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/forsidugreinar/nr/8397

Helstu niðurstöður

Til grundvallar liggja markmið 2020 áætlunarinnar um að hlutfall Íslendinga á aldrinum 25-64 ára sem ekki hafa formlega framhaldsmenntun fari úr 30% niður í 10% fyrir 2020.

- Meginniðurstaða verkefnahópsins er að framhaldsfræðslukerfið byggi á traustum grunni og vinni almennt vel að þeim markmiðum sem því hefur verið sett.
  - Byggir í grunninn á fyrirkomulagi sem þróað var af aðilum vinnumarkaðar í samstarfi við stjórnvöld.
- Framhaldsfræðslukerfið byggir á samstarfi þriggja mikilvægra stoða sem eru:

  Fræðslusjóður.

  Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.

  Símenntunarmiðstöðvar og fleiri fræðsluaðilar.

Verkfærin

Til að sinna meginhlutverki kerfisins hafa verið þróuð þrjú verkfæri:

1**. Náms- og starfsráðgjöf** er anddyrið að raunfærnimati og vottuðum námsleiðum. Þróun öflugs stuðnings fyrir náms- og starfsráðgjöf í framhaldsfræðslu er forsenda þess að kerfið virki. Lagt er til að m.a. verði byggt á þeim grunni sem lagður hefur verði með vefnum Næsta skref og rekstur hans tryggður.

2. **Raunfærnimat** er öflugt verkfæri. Lagt er til að raunfærnimat verði þróað markvisst, fyrir sem flest störf í helstu starfsgreinum og gerð um það áætlun sem fylgt verði. Tryggja þarf nægt fjármagn til þess.

3. **Vottum námsleiðum** í framhaldsfræðslu hefur fjölgað á undanförnum árum. Það þarf að þróa áfram fjölbreytt nám í samstarfi við atvinnulífið.

Áherslur

- Efla og styrkja verkfæri framhaldsfræðslunnar.
- Sérstök áhersla á verk- og starfsmenntun.
- Auka samstarf og samræmingu þar sem það á við milli framhaldsskóla og framhaldsfræðslunnar:

  Mat á námi á milli kerfa.

  Mikil samlegð getur falist í
  Verkmenntaskólum sem búa yfir mikilvægri þekkingu, tækjum og tólum sem nauðsynleg eru til að bjóða fullorðnum nemendum öfluga og góða verk- og starfsnám
  og
  Framhaldsfræðslunni með ráðgjöf, mat á raunfærni og nálgun sem byggir á kennslufræði við þeirra hæfi.

Tillögur að úrbótum

Vottun og viðurkenning: Gæðamálin í framhaldsfræðslu eru tvískipt: 1) vottun og viðurkenning fræðsluaðila og 2) vottun námskráa.

Lagt er til að vottun og viðurkenning fræðsluaðila verði samþætt og að framkvæmdin verði í höndum eins aðila.

Vottun námskráa: Mikilvægt að niðurstaða fáist um ferlið- hæfniramminn

Aldursviðmið: Mikilvægt að allir fullorðnir einstaklingar (18 ára og eldri) sem ekki hafa lokið námi á framhaldsskólastigi og farið út á vinnumarkaðinn, geti nýtt sér þjónustu framhaldsfræðslunnar.

Mörk milli framhaldsfræðslu og framhaldsskóla á skýrum forsendum reynslu og þekkingar frekar en lífaldurs.

Aðalnámskrá: Aðalnámskrá fyrir framhaldsfræðsluna þar sem skilgreind verði helstu hugtök til samræmis við önnur skólastig og mörkuð skýr stefna um mat á námi milli kerfa. Komið verði upp samræmdu skráningarkerfi í miðlægan grunn á sama hátt og gert er í framhaldsskólum.

Aðgerðaáætlun til 5 ára

Til að tryggja framgang ofnagreindra tillagna. Markmið aðgerðaráætlunarinnar eru eftirfarandi:

1. Þróa áfram grunnþjónustuþætti framhaldsfræðslunnar þannig að þeir svari þörfum markhópsins og atvinnulífsins.
2. Koma á samþættu og skilvirku ferli við viðurkenningu og gæðavottun framhaldsfræðsluaðila.
3. Framhaldsfræðslan miðist við þarfir fullorðna einstaklinga á vinnumarkaði en ekki við ákveðinn aldur.
4. Samin verður aðalnámskrá fyrir framhaldsfræðsluna til samræmis við aðrar menntastoðir.

Lagt er til að framlög til framhaldsfræðslunnar verði aukin um tæplega helming – rúman milljarð á ári næstu fimm árin.

Hverjir geta fengið fé úr Fræðslusjóði?

Togstreita og ágreiningur hefur verið á milli ASÍ og SA um hverjir eigi að geta fengið fé úr Fræðslusjóði:

- SA viljað opna sjóðinn fyrir einkaaðilum.

Tillögur um viðurkenningu/vottun fræðsluaðila/forsendur til að koma til álita við úthlutun fjár:

1. Rekstrarleg, fagleg og kennslufræðileg þekking.
2. Fjárhagslegar/rekstrarlegar forsendur.
   - Fræðsluaðili ekki rekinn í hagnaðarskyni (non-profit).
3. Starfsaðstaða.
4. Skipulag og umsjón náms, raunfærnimats og náms- og starfsráðgjafar.
5. Gæðakerfi.

Staðan - framhaldið

- Ekki hefur ennþá gefist möguleiki á að kynna tillögur verkefnahópsins og eiga samræðu við mennta- og menningarmálaráðherra – eða aðra úr ráðuneytinu.
  - 7. október er skýrsla hópsins fyrst birt á vef ráðuneytisins. Því fylgdi eftirfarandi umsögn:

    Ráðuneytið hefur nú framangreindar skýrslur til athugunar en hefur ekki tekið afstöðu til þeirra og birtir þær með þeim fyrirvara.
- Í fjárlagafrumvarpinu sem lagt var fyrir alþingi og fjárlögunum fyrir 2016 er ekkert mið tekið af tillögum verkefnahópsins.
- Málið snýst um skilning á og virðingu fyrir framhaldsfræðslunni og markhópi hennar.
- Hvaða lærdóm má draga af þessu?